

**14. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stillholti 16-18,  
22. júlí 2015 og hófst hann kl. 09:00**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirs dóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hildur Bjarnadóttir skipulags- og byggingarfulltrúi og Íris Reynisdóttir garðyrkjustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hildur Bjarnadóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1504136 - Leiksvæði í Skógarhverfi**

Kynning á hugmyndum fyrir hverfisgarð

*Garðyrkjustjóri fór yfir hugmyndir að hverfisgarði. Garðyrkjustjóra er falið að ræða ofangreindar hugmyndir við hverfisráð í Skógarhverfi 1.*

**2. 1304196 - Breiðin - umhverfismál o.fl.**

*Eftirfarandi tilboð bárust í verkið Breiðin Akranesi:*

*Skóflan ehf: kr. 23.995.000*

*Þróttur ehf: kr. 27.433.300*

*Kostnaðaráætlun: kr. 14.740.280*

*Skipulags- og umhverfisráð hafnar báðum tilboðum í verkið. Ráðið leggur til að verkið verði boðið út að nýju  
í samræmi við þær breytingar á verkinu sem fram komu í umræðum á fundinum.*

**3. 1506064 - Skipulags- og umhverfissvið - fjárhagsáætlun 2016,**

*Skipulags- og umhverfisráð endurskoðar starfsáætlun sviðsins í tengslum við fjárhagsáætlun 2016.*

**4. 1410116 - Fjárhagsáætlun 2015 umhverfis- og framkvæmdasviðs**

*Sviðstjóri fór yfir stöðu framkvæmda samkvæmt fjárhagsáætlun 2015.*

**5. 1504140 - Deilisk.- Breiðarsvæði, Hafnarbraut 3**

*Grenndarkynnt var samkvæmt 2. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir eigendum húsa við Suðurgötu 10, 16, 17, 18 og 19 og eigendum húsa við Háteig 10, 12, 14 og 16. Sameiginlegar athugsemdir bárust frá íbúum við Háteig 10, 12, 14 og 16, Suðurgötu 19, 16 og 17. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir greinargerð skipulags- og byggingarfulltrúa, þar sem ofangreindum athugasemdemur er svarað. Lagt er til við bæjarstjórn að grenndarkynningin verði samþykkt og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og send Skipulagsstofnun.*

**6. 1507088 - deilis. krókatún-vesturgata**

Skipulags og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið og leggur til við bæjarstjórn að heimila umsækjanda að leggja fram deiliskipulagsbreytingu samkvæmt 1 mgr. 43. gr skipulagsla nr. 123/2010.

**7. 1506165 - Kirkjubraut 2 - umsókn um styrk**

Skipulags- og umhverfisráð hafnar erindinu á þeim forsendum að umsóknarfrestur var liðinn.

**8. 1503230 - Viðhald fasteigna - úthlutun 2015**

Skipulags- og umhverfisráð hafnar erindinu á þeim forsendum að umsóknarfrestur var liðinn.

**9. 1401204 - Deilisk.- Breiðarsvæði - Breiðargata 8B**

Staða máls kynnt.

**10. 1507056 - Reglur um úthlutun lóða**

Lagt fram.

**11. 1506168 - Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald og stofngjald fráveitu**

Skipulags- og umhverfisráð felur skipulags- og byggingarfulltrúa að skoða breytingar á nýtingarhlutfalli einbýlishúsalóða í Skógarhverfi 2.

**12. 1507059 - Landamerki Ytri Hólms og Akraneskaupstaðar**

Lagt fram.

**13. 1501341 - Útboð á ræstingu 2015**

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að setja af stað útboðsferli vegna ræstinga skv. fyrirliggjandi útboðsgögnum. Útboðið verður auglýst á evrópska efnahagssvæðinu.

**14. 1409020 - Strætisvagn Akraness - útboð 2015**

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að setja af stað útboðsferli vegna aksturs strætisvagns skv. fyrirliggjandi útboðsgögnum. Útboðið verður auglýst á evrópska efnahagssvæðinu.

**15. 1501114 - Sorphirða á Akranesi**

Staða málsins kynnt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:30.

Einar Bræður  
Róskel Óskarsdóttir  
Karin Þórssdóttir  
Mártindur Sigurðarson  
Valgerður L. J.

Sig. P. H.  
Mártindur Sigurðarson

EB